

## Tillaga til þingsályktunar

um að ræður og ávörp ráðamanna liggi fyrir á íslensku.

Flm.: Mördur Árnason og Karl V. Matthíasson.

Alþingi ályktar að beina því til forseta Íslands og ráðherra að ræður og ávörp sem þeir flytja á erlendri tungu liggi fyrir á íslensku samtímis eða svo skjótt sem auðið er.

### Greinargerð.

Á tímum ört vaxandi alþjóðasamskipta hefur mjög færst í vöxt að ræður og ávörp forystumanna á ýmsum sviðum séu samin og flutt á öðru máli en íslensku, oft ensku. Þessir textar eru sumir hverjir mikilvægir fyrir íslenskt samfélag, varða hagsmuni Íslendinga og eru hluti af stjórn mála- og samfélagsumræðu í landinu.

Eðlilegt er að slíkar ræður og ávörp æðstu ráðamanna liggi fyrir á íslensku, helst við flutning eða birtingu en ella eins skjótt og auðið er. Með þeim hætti geta allir landsmenn kynnt sér hvað sagt er í þeirra nafni við erlenda menn, og með „opinberri“ þýðingu er ekki hætta á að orð ráðamanna á erlendri grund eða við alþjóðleg tækifæri sæti rangþýðingu eða mistúlkun vegna tungumálaörðugleika. Þá má ætla að íslenskur texti greiði fyrir við vinnslu og flutning fréttu á Íslandi af slíkum ræðuhöldum.

Skynsamlegt er að settar verði um þetta almennar reglur, til dæmis í forsætisráðuneytinu, og mætti fela hinni ágætu þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins þessi verkefni ef þau eru vandleyst á skrifstofum forseta, ráðherra og annarra ráðamanna. Við fjárlagsmið þyrfti að gera ráð fyrir lítilsháttar útgjaldaauka vegna þessa íslenskunarstarfs.

### Fylgiskjal.

#### **Yfirlit um óþýddar ræður og ávörp á vefsetrum forseta Íslands og forsætisráðherra árið 2007 og utanríkisráðherra júní–desember sama ár.**

##### *A. Óþýddar ræður og ávörp árið 2007 á vefsetri forseta Íslands.*

Í stuttri kynningu kemur ekki fram á hvaða máli textarnir eru nema þeir sem eru á dönsku eða norsku. Efnisinnihaldi er ekki lýst en getið rækilega um tilefni. Heiti og kynning eru tekin af vef forseta Íslands, [www.forseti.is](http://www.forseti.is).

- 22.1. 2007. Ræða forseta á ráðstefnunni Delhi Sustainable Development Summit í Nýju-Delí á Indlandi.

- 30.1. 2007. Ræða forseta á ráðstefnunni „The Microsoft Government Leaders Forum“, The New Democracy: How Technology Empowers Citizens to be Active, Influential and Global.
- 9.2. 2007. Ræða forseta á málþingi Dansk Industri og Dansk-íslenska verslunarráðsins. Hvorfor er islandske firmaer så innovative – giver det anledning til forundring? Ræðan er á dönsku.
- 9.2. 2007. Ræða forseta flutt í menningarmiðstöðinni Norðurbryggju í Kaupmannahöfn: Gullfoss: Et skibs historie – nationers historie. Ræðan er á dönsku.
- 9.2. 2007. Ræða forseta flutt í húsakynnum Kunstforeningen Gammel Strand í Kaupmannahöfn. København: Islands hovedstad i 500 år. Ræðan er á dönsku.
- 19.2. 2007. Ræða forseta í kvöldverði á Bessastöðum til heiðurs forseta Djíbútís, Ismail Omar Guelleh.
- 25.4. 2007. Ræða forseta hjá East West Institute: The 200th Anniversary of US-Russian Diplomatic Relations.
- 27.4. 2007. Setningarræða forseta á ársþingi Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi (Icelandic National League) í Winnipeg, Kanada.
- 10.5. 2007. Ræða forseta á norrænni skólamálaráðstefnu: Þekking – kraftur – sköpun. Ræðan flutt á norsku: Kunnskap – kraft og kreativitet.
- 31.5. 2007. Kveðja forseta í dagskrá ráðstefunnar Nordic Conference on Research on Autism Spectrum Disorders.
- 31.5. 2007. Forseti setur norræna ráðstefnu um einhverfu, Nordic Conference on Research on Autism Spectrum Disorders, en ráðstefnuna sækja vísindamenn og sérfræðingar víða að úr veröldinni.
- 9.6. 2007. Ávarp forseta lesið í Pétursborg þegar Þorsteini Sigfússyni voru afhent verðlaun, Global Energy International Award, fyrir framlag hans á sviði orkumála.
- 29.6. 2007. Ræða forseta á ráðstefnu OECD í Istanbul (OECD World Forum). Transformation of the Energy Systems Prevents Climate Change. If we can do it, so can others!
- 3.8. 2007. Kveðja forseta til samkomu Vestur-Íslendinga í Norður-Dakota vegna afhjúpunar á minnismarki vegna Þingvallakirkju þeirra er brann fyrir nokkrum árum.
- 4.9. 2007. Ræða á hátíðarfundi alþjóðlegrar ráðstefnu um landgræðslu og loftslagsbreytingar á Selfossi: Sharing Knowledge and Experience with Others. Centenary of the Conservation of Soil and Vegetation in Iceland.
- 6.9. 2007. Efnisþættir fyrirlestrar sem fluttur var í boði Alþjóðlegu friðarakademiunnar (International Peace Academy) í New York.

*B. Óþýddar ræður og ávörp árið 2007 á vefsetri forsætisráðherra.*

Yfirlit efnis fylgir tveimur textum. Einu sinni kemur fram í kynningu að textinn sé á erlendu máli. Heiti og kynning eru tekin af vef forsætisráðuneytisins, [www.forsaetisraduneyti.is](http://www.forsaetisraduneyti.is).

- Ræða forsætisráðherra Geirs H. Haarde um samskipti Íslands og Noregs, „Norsk-íslandsk samarbeið i ny tid,“ í Norska verslunarháskólanum í Bergen þann 22. janúar 2007.
- Ávarp forsætisráðherra, Geirs H. Haarde, í tilefni af heimsókn hermálanefndar NATO mánudaginn 2. apríl 2007 (ræðan er á ensku).
- Ávarp Geirs H. Haarde, forsætisráðherra, á Íslendingadegi í Mountain, Norður-Dakóta laugardaginn 4. ágúst 2007.

- Ávarp Geirs H. Haarde, forsætisráðherra, á Íslendingadegi í Gimli Park mánudaginn 6. ágúst 2007.
- Ávarp forsætisráðherra á fundi þingmannasamtaka Atlantshafsbandalagsins 9. október 2007.  
Geir H. Haarde, forsætisráðherra, ávarpaði í dag fund þingmannasamtaka Atlantshafsbandalagsins og fjallaði um alþjóðleg öryggismál og hlutverk bandalagsins í því samhengi. Þá gerði hann grein fyrir breyttu öryggisumhverfi Íslands og nýlegum ráðstöfunum íslenskra stjórnvalda á sviði öryggis- og varnarmála.
- Ávarp forsætisráðherra á fundi hjá Ítalsk-íslenska viðskiptaráðinu í Róm 26.10. 2007.  
Geir H. Haarde, forsætisráðherra, ávarpaði í dag hádegisverðarfund Ítalsk-íslenska viðskiptaráðsins í Róm og fjallaði um þróun efnahagsmála á Íslandi og viðskipti og fjárfestingar á milli Íslands og Ítalíu. Þar flutti einnig ávarp Emma Bonino, utanríkisviðskiptaráðherra Ítalíu. Þau greindu frá því að ákveðið hefði verið að stofna sérstakan samstarfs- hóp ríkjanna tveggja sem ætlað yrði að greina með hvaða hætti væri hægt að efla þessi samskipti enn frekar.

*C. Óþýddar ræður og ávörp árið 2007 á vefsetri utanríkisráðherra.*

Í kynningu er getið tungumáls en ekki tiltekin efnisatriði textans umfram það sem kemur fram í heiti eða tilefni. Heiti og kynning eru tekin af vef utanríkisráðuneytisins, [www.utanrikisraduneyti.is](http://www.utanrikisraduneyti.is).

- 13.6. 2007: Utanríkisráðherrafundur Eystrasaltsríkjanna. Ávarp utanríkisráðherra, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, á utanríkisráðherrafundi Eystrasaltsríkjanna í Malmö (á ensku).
- 15.6. 2007: Þemaráðstefna Vestnorræna ráðsins á Húsavík. Erindi utanríkisráðherra á þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins um „Vestnorden i en globaliseret verden“ (á dönsku).
- 29.8. 2007: Nýtt tímarskeið í öryggis- og varnarmálum. Setningarávarp Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra á ráðstefnunni „Kapphlaupið til Norðurpólsins“ (á dönsku).
- 24.9. 2007: Ávarp utanríkisráðherra um loftslagsmál. Ávarp Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra á þingi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál (á ensku).
- 28.9. 2007: Ræða utanríkisráðherra á 62. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Ræða Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra á 62. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna (á ensku).
- 6.10. 2007: Breytt bandalag – ný staða Íslands. Ræða Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, utanríkisráðherra, á þingi þingmannasamtaka NATO 6. október 2007 (á ensku).
- 13.10. 2007: Íslensk fyrirtæki í útrás á Eystrasaltssvæðinu. Tímaritsgrein Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, utanríkisráðherra, um útrás íslenskra fyrirtækja á Eystrasaltssvæðinu. *Baltic Rim Economics Review* (á ensku).